

# SPECIALISTERNE

Passion for details



Reykjavík október 2014

Formaður bæjarráðs

Hafnarfjarðarbær
Innk: 6/2 2015
Málsnr: 1502164
Bréfal: 380

Samstarfssamningur við Specialisterne á Íslandi

Specialisterne á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því að hjálpa einstaklingum á einhverfurófinu til sjálfshjálpar. Frá ágúst 2011 hafa rúmlega 60 einstaklingar verið hjá okkur en um 35 þeirra hafa farið í gegnum mats- og þjálfunarferli okkar, en það er fosenda þess að þeir geti átt kost á atvinnutækifæri á vinnumarkaðnum. Nú hafa 18 þessara einstaklinga, sem ekki höfðu áður haft fasta vinnu fengið launaða vinnu á hinum almenna vinnumarkaði. Þeir einstaklingar sem hafa verið hjá okkur koma því sem næst allir frá sveitarfélögum á höfðuðborgarsvæðinu.

Starfsemi okkar hefur fengið verðskuldaða athygli í samfélaginu t.d. með tilnefningu til Hvatningarverðlauna Öryrkjabandalagsins haustið 2012 og „Múrbrjótinn“ sem er viðurkenning frá Proskahjálp.

Starfsemi Specialisterne er háð fjárframlögum frá hinum ýmsu aðilum, en stærstu styrktaraðilar okkar hafa verið VIRK, VMST, Reykjavíkurborg, Velferðarráðuneytið auk þess sem starfsemin hefur frá fyrsta degi verið í leigulausu húsnæði fasteignafélagsins Reita.

Síðustu misseri hafa Vinnumálastofnun og VIRK gert við okkur samning um að taka einstaklinga frá þeim til okkar með það að markmiði að koma þeim út á vinnumarkaðinn. Þar sem við höfum á starfstíma okkar haft einstaklinga frá Hafnarfirði langar okkur að leita til bæjaryfirvalda og óska eftir samstarfi, þ.e. að félagsþjónusta bæjarfélagsins og Specialisterne geri með sér samning um að Specialisterne hafa á hverjum tíma einn eða fleiri einstaklinga frá bæjarfélaginu, gegn greiðslu fyrir slíkt. Með slíkum samningi væri tryggt að Hafnarfirði ætti pláss fyrir einhverja að sínum skjólstæðingum hjá okkur og um leið væri slíkur samningur styrkur við þjónustu okkar, sem hingað til hefur verið án endurgjalds.

Með von um jákvæð viðbrögð,

  
Bjarni Torfi Álfþórsson

Framkvæmdastjóri Specialisterne á Íslandi